

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir gatnagerðargjald, sölu byggingarréttar, stofngjald vatnsveitu, stofngjald fráveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tæknideildar í Hveragerði, nr. 456/2007.

1. gr.

Upphæðir í 3. gr. samþykktarinnar breytast og verða:

		kr. pr. m ²
Einbýlishús	14,40%	31.880
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús	11,40%	25.238
Fjölbýlishús	7,40%	16.383
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhús	6,90%	15.276
Iðnaðar-, geymslu- og annað atvinnuhúsnæði	6,90%	15.276
Aðrar byggingar s.s. gripahús, gróðurhús o.fl.	2,5%	5.535

2. gr.

Upphæðir í 7. gr. samþykktarinnar „Stofngjald vatnsveitu“ breytast og verða:

		kr. pr. heimæð
32 mm heimæð	70%	154.972
40 mm heimæð	100%	221.388
50 mm heimæð	150%	332.082
63 mm heimæð	300%	664.164
75 mm heimæð	400%	885.552
90 mm heimæð	500%	1.106.940

3. gr.

Upphæðir í 8. gr. samþykktarinnar „Stofngjald fráveitu“ breytast og verða:

		kr.
Stofngjald fráveitu pr. einbýlishús	100%	221.388
Stofngjald fráveitu pr. íbúð í par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhúsum	85%	188.180
Stofngjald fráveitu pr. fjölbýlishúsaíbúð	50%	110.694
Stofngjald fráveitu, önnur mannvirki en íbúðir	0,6%	1.328 pr. m ²

4. gr.

Upphæðir í 9. gr. samþykktarinnar breytast og verða:

Upphæð byggingarleyfisgjalds skal vera:

Íbúðarhúsnæði

		kr.
a) Einbýlishús	100%	221.388
par- rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, pr. íbúð	85%	188.180
fjölbýlishús, pr. íbúð	50%	110.694
b) Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði:		
gólflötur allt að 500 fermetrar	100%	221.388
gólflötur á bilinu 500-1.000 fermetrar	200%	442.776
gólflötur á bilinu 1.000-2.000 fermetrar	300%	664.164
gólflötur yfir 2.000 fermetrum	400%	885.552
c) Önnur hús, hvers konar viðbyggingar, bílgeymslur og gripahús:		
viðbygging allt að 40 fermetrar	40%	88.555
viðbygging frá 40 fermetrum að allt að 100 fermetrum	60%	132.833
af viðbyggingum stærri en 100 fermetrar		
greiðist fullt gjald, sbr. liði a og b.		

d) Annað:		kr.
minniháttar breytingar á útliti, innra skipulagi, utanhússklæðning o.þ.h.	20%	44.278
meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis (breyting á veggjum, lögnum o.fl.)	50%	106.386

5. gr.

10. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða framkvæmdaleyfisgjald fyrir útgáfu á framkvæmdaleyfi sem bæjarstjórn hefur veitt.

Bæjarstjórn ákveður upphæð framkvæmdaleyfisgjalds fyrir sérhverja leyfisskylda framkvæmd og skal upphæðin nema áætluðum kostnaði bæjarins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisins og eftirlits. Framkvæmdaleyfisgjald af framkvæmdum er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð framkvæmdaleyfisgjalds skal vera:

a) Minniháttar framkvæmdir:	10%	22.139 kr.
b) Meiriháttar framkvæmdir:	150%	332.082 kr.

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tveggja ára frá útgáfu þess.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þótt framkvæmdaleyfi falli úr gildi eða ef ekki verður af framkvæmd.

6. gr.

Upphæðir í 11. gr. samþykktarinnar breytast og verða:

	Hlutfall	kr.
Þjónustugjöld tæknideildar		
Yfirferð séruppdráttar, pr. stk.	2%	4.428
Afgreiðslugjald vegna tilkynnta framkvæmda	25%	53.347
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	10%	22.139
Afgreiðslugjald og endurnýjun byggingarleyfis án breytinga	10%	22.139
Vottorð um byggingarstig og stöðuúttektarvottorð	15%	33.208
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	20%	44.278
Grenndarkynning, minniháttar	10%	22.139
Grenndarkynning, umfangsmikil	30%	66.416
Auglýsing skipulagstillögu	50%	110.694
Breyting á lóðarleigusamningi	30%	66.416
Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa	10%	22.139
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	10%	22.139
Stöðuleyfi	10%	22.139
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss, pr. mælingu	25%	53.347
Staðbundin viðurkenning iðnmeistara eða á starfsemi byggingarstjóra	10%	22.139
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	10%	22.139
Ljósritun A4, pr. eintak	0,05%	111
Ljósritun A3, pr. eintak	0,10%	221

7. gr.

Samþykkt þessi byggir á samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 14. janúar 2019, og er sett með heimild í 3. gr., sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Hveragerði, 10. september 2019.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2019